

GUÐRÚN KVARAN

## Málfar í stjórnsýslu

*Eftirfarandi erindi flutti Guðrún Kvaran á málþingi um málfar í opinberum skjölum 29. september 2001. Auk Guðrúnar fluttu þar erindi Sigrún Þorgeirsdóttir, Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis, Anton Helgi Jónsson, rithöfundur og framkvæmdastjóri auglýsingastofunnar Tunglsins, Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari og Svala Valdemarsdóttir, ritstjóri hjá Alþingi.*

Íslensk málstöð stendur í dag fyrir málþingi um málfar í opinberum skjölum og ég var beðin um að ræða um efnið á almennum grunni, þ.e. hvað átt sé við með málfari í stjórnsýslu. Að undanfögnu hef ég spurt þá sem ég hef mætt á förunum vegi hvað þeir telji átt við þegar svona er tekið til orða. Langflestir sögðu: „Það er sama og stofnanamál.“ Talað er um stofnanamál, menn skammast út í stofnanamál en hvað er svo stofnanamál, hver eru einkenni þess og hverjir skrifa það? Ef ég spurði um þetta varð færra um svör en flestir töldu þó að aðaleinkennin væru klúðurslegur, þungur stíll, ofnotkun nafnorða, langar samsetningar og óeðlileg orðaröð. En þetta er ekkert nýtt fyrirbrigði sem allt í einu er að hertaka íslenskar stofnanir. Á 19. öld var algengt að skammast út í kansellístíllinn sem samkvæmt Orðabók Menningarsjóðs er ‘embættisbréfastíll með flókinni og samanskrúfaðri orðskipan; samanbarinn og tilgerðarlegur flækjustíll’ (481). Sá stíll hafði þá verið notaður nokkuð lengi einkum í dómskjölum, lögbingsbókum og öðrum opinberum stjórnsýsluritum. Hann hefur lítið verið rannsakaður málfræðilega, að því er ég best veit, og sama gildir um stofnanamálið. Ég hef ekki fundið margar skilgreiningar á því hvað stofnanamál sé. Halldór Halldórsson prófessor minntist reyndar á það í greininni Um málvöndun sem prentuð er í ritinu *Mál og túlkun* frá 1981. Hann segir: „Ég vil að lokum ekki láta hjá líða að minnst á hið svo kallaða stofnanamál — kansellístíl nútímans. Þetta bókulega og samanbarða mál, sem tröllríður ekki aðeins íslenzku þjóðinni, heldur mörgum öðrum og kallað er á ensku *officialese*, verður að taka til alvarlegrar meðferðar. Vitanlega er það fyrst og fremst hlutverk stjórnmalámana og embættismanna að glíma við þennan draug, en þeir þurfa vafalaust aðstoðar við. Sumar þjóðir hafa gefið út leiðbeiningar til þess að hamla á móti þessu fári. Þessi samanreki stíll gerir hugsunina óskýra, stuðlar að þokulegu málfari og þokulegri hugsun“ (1981:222).

Ólafur Jónsson bókmenntafræðingur spurði í greininni Hvíld er góð: „Eru ekki „stofnanamál“ og „þýðingamál“ tvær kvíslar einnar og sömu málleysu-móðu sem kann að eiga upptök sín í misheppnaðri móðurmáls- og tungumálakennslu?“ (1986:206). Ármann Halldórsson, fv. safnvörður á Egilsstöðum, benti í *Sveitarstjórnarmálum* (1986:123) á að: „Það væri gott viðfangsefni fyrir málrannsóknarmenn að gera málfarssögu sveitarstjórnar frá dönskuskotnum kansellístíl til stofnanamáls nútímans skil.“ Það kæmi mér ekki á óvart að niðurstaða slíkrar rannsóknar yrði að kansellístíllinn hafi ekki horfið heldur aðeins breyst og fengið nýtt nafn.

Það er forvitnilegt að velta því fyrir sér hvað það sé sem verður þess valdandi að menn senda frá sér texta á „bókulegu og samanbörðu“ máli. Ástæðan er auðvitað margþætt. Sumum lætur einfaldlega verr að skrifa en öðrum þótt þeir leggi sig alla

fram en nokkrir þættir gætu þó verið ýmsum sameiginlegir. Ég ætla aðeins að nefna fjóra og mætti kalla hinn fyrsta *hræðslu við einfaldan stíl*.

Fyrir fáeinum miserum varð ég fyrir svörum þegar blaðamaður hringdi til Orðabókar Háskólans og leitaði ráða. Fram undan var svonefnd friðarvika og hann ætlaði að taka fólk tali og leggja fyrir það þessa spurningu: *Hver er grundvöllur skoðunar þinnar á friðarviku?* Nú langaði hann að vita hvað okkur þætti um orðalagið. Ég svaraði því til að mér þætti það harla vont og spurði hvers vegna hann vildi endilega nota *grundvöllur* sem reyndar er eitt af ofnotuðum orðum líkt og *alfarið* og sambandið *að vera í stakk búinn* sem hver étur upp eftir öðrum í tíma og ótíma. Og ég spurði enn hvers vegna hann segði ekki einfaldlega *Hver er skoðun þín á friðarviku?*, *Hvaða álit hefur þú á friðarviku?* eða aðeins *Hvað finnst þér um friðarviku?* Hann virtist í fyrstu hissa en sagði síðan: „Ef ég spyr svona beint er ég þá ekki orðinn of persónulegur? Finnst mönnum spurningin þá ekki of barnaleg?“ Og þar lá hundurinn grafinn. Ástæðan fyrir þyngslalegri spurningu var óttinn við að skrifa of einfalt mál og sú trú að að baki samanhamraðra setninga hljóti að felast mikil speki. En blaðamaðurinn er ekki einn um þessa skoðun og þetta er ekki séreinkenni stofnanamáls þótt þess sjáist þar víða merki, heldur hygg ég að meinsins sé að leita í vantrú margra á einföldu máli og í þeim misskilningi að því meira mark sé tekið á bréfum eða greinum þeim mun samanskrúfaðri sem textinn sé.

Annar þáttur mætti nefna *stirðnað orðalag* en með því á ég við málsgreinar sem byggja á gamalli hefð innan stofnana og enginn hugsar um að færa til betri vegar. Út úr einni slíkri var einu sinni snúið í Sandkornum í *DV* enda bauð hún upp á það sjálf. Um var að ræða auglýsingu frá sjávarútvegsráðuneytinu sem hófst svona:

Með tilvísun til laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með áorðnum breytingum og reglugerðar nr. 44 8. febrúar 1984 um stjórnun botnfiskveiða veitir ráðuneytið leyfi til þess að veiða á ofangreindu fiskiskipi eftirgreint aflahámark neðangreindra botnfisktegunda ...

og síðan hófst upptalning. Öll kannist þið við klausur líkar þessari sem með lagni mætti setja fram á einfaldari hátt.

Þriðja þátturinn mætti nefna *erlend áhrif*. Þar á ég ekki við tökuorð eða slettur sem komu svo ríkulega fram í kansallistílnum, heldur stílblæ textans. Ýmsir þeirra sérfræðinga, sem vinna við skýrslugerð af ýmsu tagi, eru menntaðir erlendis. Þeir hugsa margir um sérsvið sitt á máli þess lands sem þeir lærðu í og skrifa oftast um það á sama máli. Orðin í skýrslunum eru að vísu íslensk en setningaskipan og form er erlent. Ég sagði að orðin væru íslensk en oft er aðeins um að ræða lauslega þýðingu erlendra hugtaka sem almennur lesandi á erfitt með að átta sig á. Oft er hreinlega verið að þýða erlendar greinar eða skýrslur í flýti til að koma ákveðnum upplýsingum á framfæri sem fyrst og er þá komið að fjórðu ástæðu þess að stofnanamál verður til og nefna mætti *tímaskort*. Þessi ástæða er ef til vill sú algengasta. Allir eru að flýta sér og allt þarf að gera strax. Fyrir kemur að búið er að senda í prentsmiðju og jafnvel prenta það sem eftir er að lesa yfir.

Nýlega annaðist ég símavörslu á Orðabók Háskólans. Ungur maður í stjórnsýslu hér í borg hringdi og spurði hvort hann mætti lesa upp fyrir mig texta sem hann hefði verið að snara úr ensku yfir á íslensku og fengið athugasemdir við. Ég sagði að það væri í lagi og hann hóf lesturinn. Eftir stutta stund bað ég hann að byrja aftur af því að ég hefði misst þráðinn, textinn væri ærið óskýr ef ekki illskiljanlegur á köflum. „Ég má ekkert vera að því að eyða meiri tíma í þetta,“ sagði hann þá, „þetta á að vera farið í prentun. Má ég ekki bara „meila“ þetta til þín? Þú ert enga stund að

laga þetta og sendir mér það bara á eftir. Ertu ekki alltaf að svoleiðis hvort sem er? Annars verður þetta bara að fara svona.“ Ég varð því miður að hafna þeirri beiðni sakir tímaskorts og veit ekki hvað um textann varð.

Þessi fjögur atriði eru oft undirrot lélegs texta en engin gagnrýni er réttlæt看leg ef sá sem gagnrýnir rífur aðeins niður en bendir ekki á hvaða leiðir séu til úrbóta. Það lætur ekki öllum jafn-vel að skrifa bréf, skýrslur eða greinargerðir eins og ég sagði áðan. En mikilvægt er að sá sem skrifar viti nákvæmlega um hvað hann ætlar að skrifa og hafi kynnt sér viðfangsefnið vel. Þetta á einnig við ef sá hinn sami tekur að sér að koma erlendu efni yfir á íslensku. Að skrifum loknum ætti hver og einn að spyrja sjálfan sig í fullri hreinskilni: 1) hef ég skilið verkefni mitt, 2) hef ég komið því til skila sem ég ætlaði að segja og 3) eru líkur til þess að lesandi eða áheyrandi skilji þann texta sem ég er búinn að skrifa? Þessi atriði hljóma eins og hver önnur sjálfsögð sannindi en mörgum getur reynst erfitt að svara þeim játandi ef þeir staldra við og hugsa í alvöru um það sem á pappírnum er. Ef svarið er „nei“ réttlæt看ur ekki að textinn sé sendur áfram.

Mikilvægt atriði, sem oft vill sitja á hakanum, er að velja hugsunum sínum rétt orð því að aðeins með því að klæða þær réttum búningi er von til þess að þær komist til skila. Sumir virðast telja að með því að nota löng, samsett eða tæknileg orð, sem raðað er saman í langar og flóknar setningar, geti þeir aflað sér virðingar hjá lesanda sem hljóti að telja að mikil kunnátta liggi að baki þessum skrifum. Í lauslegri athugun, sem gerð var á lengd orða í seðlasafni Orðabókarinnar, kom í ljós að orð eru sífellt að lengjast. Á 16. öld var meðallengd orða 8,5 stafir, á 17. öld 9,5 en í lok 20. aldar 12,5 stafir. Ástæðan fyrir þessu er hinar allt of löngu og óþörfu samsetningarunur. Ég ætla að nefna nokkur dæmi sem öll eru úr greinum um iðnaðar-, útvegs-, stjórnsýslu- og félagsmál sem birst hafa í *Sveitarstjórnarmálum: botnvörpuútgerðarkostnaður* þar sem hægt væri að nota *kostnaður vegna botnvörpuútgerðar, olúkyndingaefirlitsmaður* í stað *eftirlitsmaður með olúkyndingum, borgarfulltrúaformaður* í stað *formaður borgarfulltrúa, peningasköpunarhlutverk bankakerfisins* í stað *hlutverk bankakerfisins til að ávaxta peninga*. Fleiri orð mætti nefna eins og *almenningsvagnaþjónusta, atvinnuleysissjóðsstjóri, barnagæsluvandamál, brottflutningsbyggðasvæði, byggingarumhverfislegur, eignaraðildarbreyting, elliheimilisframkvæmd, ferðatannlækningateki, fjarvarmaveituf framkvæmd, framleiðniaukningarmöguleiki, fólksfækkunarframlag, fólksfækkunarhérað, helgidagsvitjunargreiðsla* og ótal mörg fleiri. Ekkert þessara orða, sem eru allt upp í 10 atkvæði, er nauðsynlegt og í öllum tilvikum hefði verið auðvelt að orða mál sitt án þess að grípa til samsetninga af þessum toga.

Þriðja og síðasta atriðið, sem ég ætla að nefna og er mikilvægur þáttur í samskiptum ritanda og lesanda eða hlustanda, er einfaldur stíll og stuttar setningar. Hvers vegna skyldu svo margir velja flækju í stað einfaldleika? Orðin, sem notuð eru í slíkum texta, geta öll verið kórrétt samkvæmt orðabókum og eru notuð í réttri merkingu. Þau eru beygð á réttan hátt og standa í réttum föllum en samt kemst það illa til skila sem ætlunin var að segja nema lesandi fari tvisvar eða jafnvel oftar yfir málsgreinina. Áheyrandi missir þráðinn. Ég mundi eftir grein sem ég hafði lesið þegar ég var að reyna að kynna mér frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Mér er þessi grein sérstaklega minnisstæð vegna þess hve erfiðlega mér gekk að lesa hana til enda og var hún þó ætluð breiðum lesandahópi, m.a. í stjórnsýslu. Eitt dæmi hafði ég skrifað upp og lagt í skrifborðsskúffuna mína. Mér hafði láðst að skrifa hjá mér heimildina en ég les dæmið samt. Það er svona:

Enn fremur er gert ráð fyrir að heimila innheimtumönnum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda skuldajöfnun hjá gjaldanda á móti ógoldnum

eftirstöðvum gjalda hans frá fyrri árum, ef þær eru fyrir hendi, og að heimiluð verði slík skuldajöfnun eftirstöðva gjaldanna milli hjóna, m.a. vegna ákvæða um millifærslu á nýttum persónuafslætti milli hjóna, sem getur valdið vangreiðslu á staðgreiðslu annars hjóna og ofgreiðslu á staðgreiðslu hins vegna ráðstöfunar barnabóta, sérstaklega þegar annað hjóna er tekjulaust og skattkort beggja liggur inni hjá launagreiðanda þess sem hefur tekjur.

Vel getur verið að þeir sem hafa atvinnu af því að lesa frumvörp séu orðnir svo æfðir í þessum stíl að þeim nægi að lesa svona málsgrein einu sinni. Mér nægði það ekki. En verður ekki almennur lesandi, sem fylgjast vill með í nútímaþjóðfélagi tímaleysis og upplýsingaflóðs, að geta gert þá kröfu að þurfa aðeins að lesa hverja málsgrein einu sinni? Hefði ekki verið betra í dæminu, sem ég las, að leysa málsgreinina upp og hafa fleiri punkta? Ég hygg að flestir lesi þannig að þeir haldi áfram frá einum punkti til annars. Sé langt á milli punkta er hætt við að lesandi missi þráðinn og verði að byrja aftur.

En hvar finnum við þetta svokallaða stofnanamál? Fyrirlesararnir hér á eftir munu sjálfsgagt benda á dæmi frá ýmsum sviðum opinberrar stjórnsýslu en sá texti, sem ég hef verið að lýsa, finnst miklu víðar en hjá opinberum stofnunum. Hann kemur ekkert síður frá einkageiranum. Almennungur á rétt á að geta fyrirhafnarlaust lesið það sem honum er sent inn um lúguna eða það sem hann vill geta kynnt sér af málefnum líðandi stundar. Undanfarið hef ég lesið nánast allt það efni sem finna má á heimasíðum ráðuneytanna og mér til ánægju sá ég að langoftast hafði verið vandað til verka. Ef opinber stjórnsýsla gengur á undan með góðu fordæmi fylgja hinir á eftir. Margt má enn bæta og mikilvægt er að vera ávallt vakandi og benda á misfellur og þar mætti almennungur láta meira í sér heyra.

Sem betur fer er ekki svo illa komið fyrir okkur enn að stórfyrirtæki, opinber sem almenn, telji sig þurfa að höfða til almennings með enskum glósum til að véla hann til viðskipta eða til að ná athygli hans almennt. Ég ætla að enda mál mitt á að segja ykkur sanna sögu frá einu nágrannalanda okkar. Stjórnunargeiri þýsks símafyrirtækis, sem að hluta er í eigu opinberra aðila, óskaði eftir því að andlit fyrirtækisins út á við yrði nútímalegra og næði betur athygli viðskiptavina í harðnandi samkeppni. Hvernig var nú hægt að ná til sem allra flestra? Jú, með símreikningum. Og viti menn: inn um lúguna komu nýir reikningar og nú hétu innanbæjarsamtöl *CityCall*, utanbæjarsamtöl *GermanCall* og samtöl til útlanda *GlobalCall* þótt þessi orð muni hvergi notuð á símreikningum í hinum enskumælandi heimi. Nú er svo að mjög margir Þjóðverjar, sennilega um þriðjungur, kunna enga ensku og þeir botnuðu ekkert í þessu. Fjöldinn allur hafði samband við símafyrirtækið og neitaði að borga reikninginn. Menn könnuðust ekki við að hafa nokkru sinni hringt í herra eða frú German Call og sáu þar af leiðandi enga ástæðu til að borga fyrir slík samtöl.

Í Þýskalandi er starfandi nýlegt félag sem hefur það að markmiði að stuðla að verndun tungunnar (Verein zur Wahrung der deutschen Sprache) og lokatakmark þess er að félagið verði lagt niður þar sem þess verði ekki lengur þörf. Það velur árlega „málsóða“ ársins og er valið kynnt rækilega. „Sá sem ekki vill hlusta verður að finna til,“ sagði formaður málverndarfélagsins og 1998 fékk forstjóri símafélagsins þennan lítt eftirsóttu titil. Síminn flýtti sér að breyta símreikningunum sem nú eru aftur á þýsku og 4000 nýir félagar létu skrá sig í málverndarfélagið. Málsóði ársins 1999 var kjörinn forstjóri þýsku járnbrautanna, m.a. fyrir það að salerni á brautarstöðvum hétu allt í einu *Mc-Clean*. Það olli mörgum viðskiptavininum verulegum vandræðum en nú mun þessu hafa verið breytt til fyrra horfs og ekkert lát er á umsóknum almennings í málverndarfélagið.

Við gætum hugsanlega tekið okkur þetta til fyrirmyndar ef okkur finnst allt vera að fara úr böndum í opinberri stjórnsýslu eða hjá einkageiranum. Ég er viss um að fáir vildu héraðs hljóta titilinn „málsóði“.

### **Heimildir**

- Ármann Halldórsson. 1986. Kjörfundur og hreppsnefndarfundur í Reyðarfjarðarhreppi árið 1874. *Sveitarstjórnarmál* 3. tbl. 1986. Bls. 122–124.
- Halldór Halldórsson. 1981. Um málvöndun. *Mál og túlkun*. Safn ritgerða um mannleg fræði með forspjalli eftir Pál Skúlason. Hið Íslenska bókmenntafélag. Reykjavík. Bls. 201–222.
- Orðabók Menningarsjóðs = *Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. 1983. Ritstjóri Árni Böðvarsson. 2. útgáfa, aukin og bætt. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík.
- Ólafur Jónsson. 1986. Hvíld er góð. *Leikdómar og bókmenntagreinar*. Sigrún Steingrímsdóttir og Jón Viðar Jónsson völdu. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík. Bls. 204–217.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.